

Kristian Guttesen

Í erindinu er leitast við að svara þeirri spurningu hvort stór mállíkön t.d. ChatGPT, og þær fjölbreyttu lausnir og þjónustur sem byggja á þeirri tækni, geti ræktað þau djúpu sjálfstengsl sem ljóðlist og mannleg samskipti gera möguleg. Með hliðsjón af eigin kennslu í námskrárfærðum, þar sem áhersla er lögð á nýtingu gervigreindar í kennsluáætlanagerð og verkefnastjórn, er dregin sú ályktun að gervigreind nýtist best við rökfræðileg, tæknileg og samstarfsmiðuð úrlausnarefni – líkt og þróunin hefur sýnt allt frá árdaga tölvugreindar, þegar stærðfræðingarnir John McCarthy og Marvin Minsky kynntu reiknivél, sem þeir höfðu þróað, sem leyst gat rökfræðileg dæmi, í sumarvinnustofu í Dartmouth háskóla í Bandaríkjunum árið 1956.

Menntun felur þó meira í sér en tæknileg úrlausnarefni. Með því að varpa ljósi á kenningu Wittgensteins um „fjölskyldusvip“ og þá einstöku tengslamyndun sem ljóðlist býður upp á, verður fjallað um mikilvægan mun á tengslum í meðförum véla og manna. Meginhugmyndin í erindinu er sú að gervigreind geti leyst mörg vandamál og hvatt til umhugsunar – en nái ekki að miðla eða þroska sjálfstengsl og persónulegan vöxt á sama hátt og ljóðlist og listir gera. Rætt verður um siðferðileg og fagleg álitaefni og framtíðarhorfur og þátttakendur hvattir til að velta fyrir sér gildi mannlegra tengsla og skapandi miðlunar í kennslu á tímum gervigreindar.